

Umsögn Sambands ungra sjálfstæðismanna við frumvarp til laga um fjármál stjórnmalaflokka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldur þeirra

Frumvarp formanna stjórnmalaflokkanna sem sæti eiga á Alþingi er aðför atvinnustjórnmalamanna að eðlilegum framgangi lýðræðis í opnu og frjálsu samfélagi. Afleiðingar frumvarpsins eru að slegin er skjaldborg um þrönga hagsmuni núverandi þingmanna og starfandi stjórnmalaflokka.

Samband ungra sjálfstæðismanna telur eðlilegt að ársreikningar og bókhald stjórnmalaflokka séu opin og aðgengileg almenningi. Um þetta gilda áþekkt rök og um upplýsingaskyldu fyrirtækja á markaði, enda hafa kjósendur ríka hagsmuni af því að átta sig á fjárhagslegri stöðu flokka. Jafnframt er mikilvægt að stjórnmalaflokkarnir úthluti ekki sjálfum sér fé og treysti eigin stöðu á kostnað skattgreiðenda.

Þá er það réttmæt krafa að kjósendur hafi aðgang að upplýsingum um helstu fjárhagslegu bakhjarla stjórnmalaflokka ef um er að ræða lögaðila. Hins vegar telja ungir sjálfstæðismenn að bæði persónuverndar- og lýðræðissjónarmið standi fyrir því að leynd hvíli yfir framlögum einstaklinga til stjórnmalaflokka.

Ekki er réttlæt看leg að sett séu takmörk við fjárhæð framlaga, hvort sem um er að ræða einstaklinga eða lögaðila.

Ungir sjálfstæðismenn telja að megingalli frumvarpsins sé sú forsenda, sem höfundar þess gefa sér, að ríkisvaldið sé uppspretta lýðræðisins og að í skjóli ríkisvaldsins þrífist lýðræðið best. Með því að ríkisvæða stjórnmalamenn og flokka eru reistar hindranir við því að nýjar hugmyndir, nýir flokkar og nýtt fólk fái brautargengi. Þetta er í eðli sínu andstætt lýðræðinu.

Helstu athugasemdir við forsendur frumvarpsins

Meðal þeirra efnisathugasemda sem ungir sjálfstæðismenn hafa við frumvarpið er:

1. Aukin afskipti sjálfs ríkisvaldsins af framgangi lýðræðisins í formi fjárstuðnings við stjórnmalaflokka

Frumvarpið kveður á um að sitjandi þingflokkar og stjórnmalamenn njóti umtalsverðra styrkja og eru þeir stóruknir miðað við það sem nú er. Hornsteinn lýðræðisins er sá að fulltrúar kjósenda sækja umboð sitt og vald beint til almennings. Í krafti þessa umboðs hafa þeir vald meðal annars til lagasetningar og útdeilingar skattfjár. Það er misnotkun á því umboði að nýta það í þeim tilgangi að viðhalda eigin völdum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir stóruknium framlögum ríkisins til þeirra stjórnmalaflokka sem þegar eiga sæti á Alþingi, þ.e. núverandi valdhafa. Jafnframt eru reistar skorður við því að almenningur geti stutt sína stjórnmalaskoðun með fjárframlögum úr eigin vasa. Þetta þýðir að stjórnmalaflokkar verða háðir ríkisstyrkjum í starfsemi sinni og kosningabaráttu. Að mati ungra sjálfstæðismanna er hér snúið á haus þeim grundvallarstoðum sem lýðræðisleg samfélagsskipan byggist á.

2. Takmark á framlögum

Með takmörkun á framlagi einstaklinga og fyrirtækja til stjórnmalaflokka er reist hindrun við því að nýjar hugmyndir og nýtt fólk hljóti hljómgrunn. Réttur almennings til þess að tjá skoðun sína og styðja í opinberri umræðu er fótum troðin með slíkum hindrunum enda er það mikilvægur réttur borgara að geta stutt hugsjón sína og lífsskoðun, hvort sem er með fjárframlögum, sjálfboðastarfi eða hverjum öðrum þeim hætti sem hver og einn kys.

Eins hefur hámark fjárframlaga þá afleiðingu að yfirburðastaða atvinnustjórnmalamanna og ríkjandi valdhafa styrkist gagnvart öðrum þátttakendum í stjórnmalum og þjóðmálaumræðu. Þessi samtrygging innvígðra stjórnmalamanna er andstæð lýðræðinu.

3. Afskipti af innri málum stjórnmalaflokka

Í frumvarpinu er fjallað sérstaklega um hámark tilkostnaðar í kosningabaráttu einstaklinga í prófkjörum stjórnmalaflokka. Ríkisvaldið og Alþingi á ekkert erindi með að binda hendur frjálsra félagasamtaka, eins og stjórnmalaflokka, með þessum hætti. Ákvæðið hefur bersýnilega þau áhrif að draga mjög úr möguleikum óþekktra stjórnmalamanna til þess að velta úr sessi þeim sem fyrir eru á fleti. Ennfremur hafa þau hámark, sem sett eru við framlögum í kosningasjóði, það í för með sér að lítt efnaðir einstaklingar eiga sér lítillar viðreisnar von gegn þeim sem eru sterkefnaðir fyrir og getur það vart talist samræmast þeirri grunnreglu lýðræðislegs samfélags að möguleikar allra til þátttöku í stjórnmalum séu jafnir óháð efnahag eða þjóðfélagsstöðu.

Athugasemdir við einstaka þætti frumvarpsins

Þá er ekki hjá því komist að geta þess að frumvarpið er tæknilega illframkvæmanlegt:

1. Framlög

Í frumvarpinu eru framlög skilgreind sem bein fjárframlög eða önnur gæði sem metin verða til fjár. Önnur framlög, svo sem endurgjaldslaust lán vinnuafls, aðstöðu eða búnaðar, skulu metin til peningaverðs á gangverði eða markaðsverði á hverjum tíma.

Þetta þýðir að ríkisvaldið tekur að sér að meta öll möguleg gæði til fjár. Slíkt mat er alltaf mjög ófullkomið, sérstaklega þegar ríkisvaldið telur sig vera handahafa sannleikans um hið rétta verð og hvað sé eðlilegt. Skilgreiningin á framlögum eins og sér veldur óvissu og er það afar óheppilegt í jafn viðkvæmu máli og almennum kosningum og prófkjörum.

2. Framlög úr ríkisjóði

Frumvarpið gerir ráð fyrir að fé verði úthlutað úr ríkissjóði til stjórnmalaflokka sem ná a.m.k. einum manni kjörnum þing. Ekkert hámark er tiltekið eða í hvað peningarnir eiga að renna. Einungis sagt að á hverju ári skuli flokkarnir fá fjárstyrk.

Þannig mega skattgreiðendur og hugsanlegir fylgismenn eins stjórnmalaflokks horfa upp á aðra flokka sólunda skattfé almennings í skemmtanir, ósmekklega kosningaherferð eða rándýrar auglýsingar. Þingmenn stjórnmalaflokkanna fara með fjárstjórnarvaldið og skammta þannig sínum flokkum fé. Harla ólíkt að slík framlög verði skorinn niður ef kreppir að hjá ríkissjóði.

3. Frambjóðendur til embætti forseta

Tekið er fram í 6. gr frumvarpsins að framlög til frambjóðenda kosningabaráttu geti aldrei numið hærri fjárhæð en sem nemur kostnaði við baráttuna. Þetta meinta þak á framlög til forsetaframbjóðenda er alveg ágætt sem slíkt en þess er ekki getið að enginn hámarkskostnaður er settur á kosningabaráttuna. eins og gert er við frambjóðendur í prófkjörum. Þiggja prófkjorsframbjóðendur þó ekki styrk úr almenningsjóðum eins og forsetaframbjóðendur.

Sigurvegari forsetakosninga getur þannig tæknilega eytt 750 milljónum í herferðina og fengið það allt greitt frá ríkinu á meðan andstæðingar hans, sem eyða einungis 100 milljónum, fá sinn kostnað ekki að fullu greiddan frá ríkinu. Vitleysan í þessari grein skrifast vonandi á vanhugsun og óðagot en þekkingu og reynslu af kosningum og meðferð opinbers fjár

4. Móttaka framlaga

Lögð eru takmörk við því frá hverjum flokkar og frambjóðendur mega þiggja fé. Þau sjónarmið hafa verið reifuð að mikilvægt væri að setja reglur um fjármála stjórnmalaflokka til að sporna við því að fjársterkir aðilar hefðu óeðlileg áhrif á flokkinn eða frambjóðendur hans.

Það skýtur því skökku við að í 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins lagt til að óheimilt verði að þiggja fé frá ókunnugum aðila. Hvernig getur óþekktur aðili haft óeðlileg áhrif? Hver á svo að meta hver telst óþekktur aðili? Hvað ef frambjóðandi í prófkjöri

þekkir ekki mann við opnun á kosningamiðstöð sinni og hinn óþekkti maður skilur eftir 5000 krónur í bauk, er það óþekktur aðili? Það gefur augaleið að reglan er sett fram á röngum forsendum og ekki til þess fallinn að ná markmiði sínu þar sem hún er illframkvæmanleg.

5. Hámörk framlag

Þegar reynt er að koma böndum yfir allt í einni lagagrein eða lögum verður slík lagagrein og lög alltaf óskiljanleg og óframkvæmanleg. Það á við um 8. gr. frumvarpsins.

Af mörgu er að taka því greinin er í eðli sínu vitlaus. Hver er t.d. rökstuðningur löggjafans fyrir 300.000 kr.? Af hverju ekki bara 3.000 kr. eða 900.000 kr.? Hvaða heilagi sannleikur liggur á bakvið þessa gerræðislegu reglu? Sú spurning á reyndar við um allar flestar frumvarpsins. 1. mgr. 8. gr. verður svo enn óskiljanlegri þegar útskýrt er að undanskilið fyrrnefndri fjárhæð eru framlög í formi almennra afslátta. Eru afslættir þá hvort tveggja framlög og kostnaður? Eða er almennur afsláttur á símakostnaði ekki tekinn með í útreikning á heildarkostnaði við prófkjör frambjóðenda heldur litið á slíkt sem framlög sem ekki þarf að taka með í reikninginn?

Í reglunni um heildarkostnað frambjóðanda prófkjöri og útfærslu á henni er svo komið að kjarna vitleysunnar í frumvarpinu. Því er oft haldið fram að koma verði böndum á útgjöld í prófkjöri og látið fylgja með að slíkt yrði að gera til að jafna muninn á milli þeirra fjársterkari og svo þeirra efnaminni. Um það má segja að ef fjáraustur í kosningabaráttu er sterk vísbending um árangur í kosningum þá hefði úrslit forsetakosninganna 1996 líklegast orðið önnur. En ef rétt er þá er furðulegt að á sama tíma og sett eru hámörk á kostnað þá er jafnframt settar takmarkanir á möguleika efnaminni einstaklinga á að afla fjár. Þetta er óskiljanleg hringavitleysa að mati sambandsins.

Um reiknireglu mismunandi kjörsvæða og krónutölur nægir að nefna það eitt að enginn greinarmunir er gerður á prófkjöri þar sem skráðir félagar í flokki geta verið 20.000 og prófkjöri þar sem félagsmenn í flokki eru 200. Einstaklingur fámennari flokksins má eyða jafnmörgum krónum og frambjóðandi fjölmennari flokksins. Hvor ætli þurfi nú á meiri auglýsingum að halda? Fyrst setja á íþyngjandi takmörk á annað borð á grundvelli ímyndaðra tilfinningaraka. væri nær að leitast við að hafa útfærsluna að einhverju leyti vitræna.

Þá minnir sambandið á að kostnaður frambjóðenda í prófkjörum felst fyrst og fremst í að kynna áherslumál og persónu viðkomandi, eins og nauðsynlegt er að geta gert í lýðræðislegum kosningum. Það er því illskiljanlegt, fyrst frumvarpshöfundar telja sig hafa reist skorður við því á annað borð að fjársterkir aðilar geti ekki styrkt frambjóðendur óeðlilega mikið, að frambjóðendurnir sjálfir megi ekki leggja í þann kostnað við framboð sitt sem þeir telja eðlilegan. Vel þekktur er sá aðstöðumunur sem er milli sitjandi þingmanna og nýliða í prófkjörum, en þeir fyrrnefndu hafa alla þræði í hendi sér varðandi aðgang að fjölmiðlum og kjósendum og eiga þar af leiðandi mun auðveldara með að koma sér á framfæri. Það er því beinlínis hamlandi fyrir eðlilega endurnýjun í flokkunum að setja slík hámörk á kostnað frambjóðenda í prófkjörum. Ennfremur fer sambandið fram á að

Þingmenn spyrji sig þeirrar grundvallarspurningar hvort þeir vilji samþykkja reglu sem gerir þann frambjóðanda að lögbrot og dæmir hann til refsingar samkvæmt lögum fyrir að eyða of miklum peningum í að kynna málefni sín í tengslum við prófkjör. Sambandið trúir ekki öðru en að þingmenn átti sig á þeirri grundvallarskekkju sem er í þessu ákvæði.

6. Ríkisendurskoðun

Hlutverk Ríkisendurskoðanda er mikilvægt og vel færi á því að opinberar stofnanir fylgdu hans tilmælum, þó ekki væri nema að litlu leyti. En með því að gera Ríkisendurskoðanda að eftirlitsaðila laganna, ef frumvarpið verður samþykkt, er í fyrsta lagi rekið endanlegt smiðshögg á ríkisvæðingu flokkanna og stjórnmalanna. Í öðru lagi hefur Ríkisendurskoðandi mun þarfa hlutverki að gegna en fylgjast með frjálsum félagasamtökum og í þriðja lagi er það tvískinnungur að ætlast til þess að frjáls félagasamtök og einstaklingar fari eftir tilmælum og leiðbeiningum eftirlitsaðila ríkisins þegar ríkisvaldið sjálft hefur ekki dug í að sér að fylgja fyrirmælum eftirlitsaðilans.

Mörg önnur atriði frumvarpsins kalla á athugasemdir og gagnrök en látið hér nægja að geta helstu atriða.

Málsmeðferð

Að síðustu gerir Samband ungra sjálfstæðismanna athugasemdir við gerð frumvarpsins og fyrirhugaða málsmeðferð innan Alþingis. Í nefndinni, sem vann að drög að frumvarpinu, sátu eingöngu fulltrúar stjórnmalaflokkanna. Ekki þótti ástæða til að bjóða fulltrúa skattgreiðenda setu í nefndinni hvað þá fulltrúa kjósenda eða væntanlegra frambjóðanda í kosningum næstu árin. Engan haldbæran rökstuðning er svo að finna fyrir þeim niðurstöðum sem nefndin telur sig hafa komist að og er rökstuðningur fyrir frumvarpinu því álíka merkilegur. Þá er það í hæsta máta óeðlilegt að málið fá sérstaka flýtimeðferð á þingi, sérstaklega þegar fyrir liggur að frumvarpið er meingallað.

Niðurstaða

Er skorað á alla þingmenn að hafna frumvarpinu svo annað frumvarp í anda tillagna Sambands ungra sjálfstæðismanna fái brautargengi.